

## Fundargerð

### 14. fundur rekstarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi

<b>Fundarstaður:</b>	<b>Þjórásáver</b>
<b>Fundardagur:</b>	Fimmtudagur 24. September 2015
<b>Fundartími:</b>	20:30 – 22:30
<b>Fundarstjóri:</b>	Stefán Geirsson
<b>Ritari fundar:</b>	Rósa Matthíasdóttir
<b>Fundarmenn:</b>	Stefán Geirsson formaður Rósa Matthíasdóttir Anný Ingimarsdóttir Kristín Ólafsdóttir Elín Bjarnveig Sveinsdóttir Baldur Gauti Tryggvason Ingibjörg Einarsdóttir Rúnar Magnússon

#### Dagskrá fundar:

- Tónahátíð.
- Þjórásáver.

#### Tónahátíð:

Búið að ganga frá öllum listamönnum varðandi viðburðina þrjá. En þeir eru:

Hundur í óskilum 10 október í Þingborg

Heiðmar þann 24 október í Þjórásáveri

Sigga Beinteins, Guðrún Gunnars og Jogvan Hansen 6 nóv í Félagslundu.

Farið yfir hvar og hvernig er best að auglýsa. Ákveðið var að hafa miðaverð í lágmarki. Verkefnum skipt á milli fundarmanna.

#### Þjórásáver:

Rúnar umsjónarmaður fasteigna fór yfir stöðu framkvæmda í húsinu. Umræða varð um nýtingu húsins og hver væri almennur vilji manna. Rúnar fjallaði einnig um erindi fræðslunefndar og bókun sveitastjórnar um mikilvægi þess að bæta hljóðvist í húsinu, öllum til hagsbóta. Formaður rekstarstjórnarinnar hittir formann æskulýðsnefndar og forstöðumann félagsmiðstöðarinnar á fundi næstkomandi mánudag, þar sem farið verður yfir hugsanlegar breytingar í Þjórásáveri í þágu félagsmiðstöðarinnar Zone.

#### Gerð var eftirfarandi bókun:

Rekstarstjórn félagsheimilanna í Flóahreppi hvetur til þess að nauðsynlegar úrbætur verði unnar í Þjórásáveri til þess að húsið nýtist sem best til skólastarfs og félagslífs barna og unglinga í Flóahreppi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 22:30